

Stakksberg ehf.
Stakksbraut 9
230Reykjanesbær

Reykjavík 19. júní 2019
UST201905-344/F.T.
08.03

Efni: Málslok


Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 28. maí sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Stakksberg ehf. vegna vanskila á grænu bókhaldi fyrir árið 2018 sbr. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Stofnuninni hefur nú borist yfirlýsing frá rekstraraðila þess efnis að enginn rekstur hafi verið á árinu 2018 og þurfi Stakksberg ehf. því ekki að skila grænu bókhaldi.

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikinu lokið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
lögfræðingur